

Priðjudaginn 25. september 1951.

Kærumálið nr. 22/1951.

**Óskar Magnússon f. h. verzlunarinnar
Portlands**

gegn

Elíasi Guðmundssyni.

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og próf. Ólafur Jóhannesson í stað
hrd. Gizurar Bergsteinssonar og hrd.
Árna Tryggvasonar.

Synjun frests.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 3. júlí þ. á., er hingað barst 16. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur 27. júní s.l. í máli varnaraðilja gegn honum og hlutafélaginu Árnasyni, Pálsyni & Co., en með úrskurði þessum var sóknaraðilja synjað um frekari frest í málinu en hann hafði þegar fengið.

Hæstarétti hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð frá sóknaraðilja, en ætla verður, að hann hafi kært úrskurðinn í því skyni að fá framhaldsfrest þann, sem héraðsdómari hafði synjað honum um.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, að því leyti sem hann varðar sóknaraðilja. Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað kr. 300.00.

Kæra í máli þessu er undirrituð af Óskari Magnússyni, Njálsgötu 26, f. h. verzlunarinnar Portlands. Hann hefur hvorki í héraði né hér fyrir dómi greint nokkur rök fyrir kröfum um fresti í víxilmáli því, sem hér er um að tefla. Kæra máls þessa er því misnotkun á kæruheimild laga nr. 85/1936, og sýnt þykir, að hún sé gerð í því einu skyni að tefja málið að óþörfu. Samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 188. gr. laga nr. 85/1936 verður sóknaraðilja, Óskari Magnússyni,

því dæmt að greiða 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður, að því leyti sem hann varðar sóknaraðilja, Óskar Magnússon f. h. verzlunarinnar Portlands.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja, Elíasi Guðmundssyni, kærumálskostnað kr. 300.00.

Sóknaraðili, Óskar Magnússon, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 27. júní 1951.

Mál þetta, er tekið var til úrskurðar í gær, hefur Elías Guðmundsson hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. s. m., gegn Verzluninni Portlandi, Njálsgötu 26, og hlutafélaginu Árnasyni, Pálssyni & Co., Lækjargötu 10 B, báðum hér í bænum, til greiðslu víxils in solidum, að fjárhæð kr. 15.500.00 með 6% ársvöxtum frá 29. maí 1951 til greiðsludags, ½% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 37.90 í afsagnarkostnað, og málskostnaðar.

Mál þetta var þingfest 12. þ. m., og fékk stefndi þá frest til ritunar greinargerðar til 19. s. m. og að þeim fresti liðnum til 26. s. m. Á bæjarþinginu þann dag óskaði stefndi enn eftir fresti til 4. september n. k., en því var mótmælt af stefnanda, og var atriðið tekið til úrskurðar að kröfu stefnda. Stefndi hefur hvorki fært fram sérstakar ástæður fyrir frestbeiðni þessari né getið þess, hvers vegna þegar veittir frestir hafa eigi nýtt til ritunar greinargerðar. Þykir því ekki unnt að veita frekari frest gegn andmælum stefnanda.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Umbeðinn frestur verður eigi veittur.